

Námsáætlun fyrir samfélagsfræði 7. bekkur



Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Reynsluheimur	<p>Að nemandi geti :</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú. • Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum. • Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar. • Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð. • Velt fyrir þáttum sem sagan hefur mótast af, umhverfi, samfélag og þjóðfélag. • Rætt á upplýstan hátt tímabil, atburði og persónur sem vísað er eí í þjóðfélagsumræðum. • Lýst einkennum og helstu áhrifaþáttum í þróun íslensk þjóðfélags. • Dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar. • Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. 	<p>-Umræðu- og spurnaraðferð eru notaðar til þess að þjálfa samræður og gagnrýna hugsun.</p> <p>-Kennari les námsefnið fyrir nemendur og skapar umræður um efnið. Saman finnum við aðalatriðin úr textanum og ræðum þau sérstaklega. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum. Í hópavinnu skiptast nemendur á skoðunum og rökræða.</p>	<p>- ferðabæklingur</p> <p>- Verkefni um fjölskyldur</p> <p>- Verkefni um fréttir</p> <p>- Rökræður um netnotkun</p> <p>- Hópverkefni um Evrópu</p> <p>- verkefni um víkingatímabilið og landnámsmenn</p> <p>-safnaferð</p> <p>-verkefni um umhverfisvernd</p> <p>-hópavinna með trúarbrögð</p> <p>-vinnubók</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims. • Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra. • Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagsháttá. • Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga. • Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið. • Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á neti og netmiðlum. • Geti nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð og tónvinnslu. 		
Hugarheimur	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt. • Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna aðstöðu til þeirra. • Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess. • Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. 	Kennsla byggist mest á umræðum milli nemenda og kennara, hópeflandi leikjum, bekkjarfundum og ýmiskonar verkefnum.	<ul style="list-style-type: none"> - Sjálfmat - Jafningjamat - Hópavinna - Þátttaka í umræðum

Félagsheimur	Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. • Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. • Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og áttað sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum. • Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. • Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda. • Sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju. 		<ul style="list-style-type: none"> - Þemaverkefni - Rökræður - Bekkjarfundir
Lokanámsmat: Einkunn gefin í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D.			